

Reglur um stóran og lítinn staf

Í **Blokkinni á heimsenda** er oft ritaður stór stafur í orði, þar sem oftast væri ritaður lítill stafur. Þannig eru orð sem ættu almennt að vera með litlum staf, eins og Húsvörðurinn og Matráðurinn, rituð með stórum staf í bókinni.

Höfundarnir vildu að þetta væri til marks um það hvernig fólkið á Eyjuni hugsar. Störf íbúa eru svo mikilvæg að starfsheiti ganga í hlutverk mannanafna.

Einnig eru nöfn eins og Eyjan, Blokkinn og Ferjan rituð með stórum staf. Þetta er alveg í samræmi við reglur, þegar samnafn er notað eins og það sé örnefni er það ritað með stórum staf – til dæmis Tjörnin í Reykjavík og Gilið á Akureyri.

En hvernig eru þessar reglur?

Stór stafur í upphafi orða	Lítill stafur í upphafi orða
<ul style="list-style-type: none">• Öll nöfn – mannanöfn, dýranöfn, gælunöfn, nöfn á farartækjum• Örnefni – bæjanöfn, götunöfn, nöfn landshluta, náttúru-fyrirbrigða, landa og heimshluta• Nöfn á félögum og stofnunum• Titlar – titlar bóka, blaða, ritverka, kvikmynda og tónverka• Þjóðaheiti – nöfn á hópum fólks sem er komið frá tilteknum svæðum• Viðurnefni sem koma á undan nafni	<ul style="list-style-type: none">• Tungumálaheiti• Þjóðflokkheiti• Starfsheiti• Trúarbrögð – og samheiti yfir þá sem aðhyllast trúarbrögðin• Dýra- og jurtanöfn – Líka þótt nöfnin séu dregin af sérnafni• Flest orðin í dagatalinu – nöfn daga, mánaða, hátíða og tímabila• Viðurnefni sem koma á eftir nafni

Æfing

Gerðu hring utan um annað hvort stóran eða lítinn staf eftir því sem við á.

Þegar leið að **P p** áskum var **G g** utti, eins og aðrir **Í í** slendingar, orðinn ansi þreyttur á myrkrinu sem hafði allt ætlað að gleypa frá **J j** ólum. Jæja, sagði hann við **R r** asmus **V v**élmenni. Allir sem búa hér í **B b** rókarenda þurfa svolitla hressingu. Hvað með að við höfum bíókvöld á **L l** augardaginn og sýnum **V v** íti í **V v** estmannaeyjum? Ég skal spyrja **B b** ío **B b** ínu og **N n** illa **N n** ammisala.

Æfing

Skriðu setningu í samræmi við reglurnar þar sem fyrstu tvö orðin eru með stórum staf, svo koma tvö orð með litlum staf, eitt með stórum og tvö með litlum: Stór – stór – lítill – lítill – stór – lítill – lítill.

